

AUGLÝSING

um deiliskipulag í landi Eilífsdals í Kjósarhreppi.

Í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 samþykkti hreppsnefnd Kjósarhrepps þann 6. júlí 2017 deiliskipulag í landi Eilífsdals. Í deiliskipulaginu felst að heimilt verði að stækka núverandi íbúðarhús, bílskúr og alifuglahús. Gert er ráð fyrir að breyta notkun á alifuglahúsi og að heimilt verði að vera með gistiþjónustu fyrir allt að 20 manns í húsinu. Skipulagsuppdráttir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Kjósarhreppi, 30. október 2017.

Jón Eiríkur Guðmundsson skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 13. nóvember 2017